

FMS 2019-21
ISBN 978-9935-9317-7-1
ISSN 2547-8060



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD 

FERÐAMÁLARANNSÓKNIR

TOURISM RESEARCH IN ICELAND

ÁGÚST 2019

Erlendir ferðamenn á Hvammstanga sumarið 2018
Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Lilja B. Rögnvaldsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

© Ferðamálastofa 2019

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is

Titill: Erlendir ferðamenn á Hvammstanga sumarið 2018 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar
Höfundur: Lilja B. Rögnvaldsdóttir

Umsjón með gagnaöflun: Vera Vilhjálmsdóttir
Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa - blekhonnun.is
Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2019-21
ISBN: 978-9935-9317-7-1
ISSN: 2547-8060

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.


Erlendir ferðamenn á Hvammstanga sumarið 2018

NIÐURSTÖÐUR FERÐAVENJUKÖNNUNAR

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum könnunar sem framkvæmd var meðal erlendra ferðamanna á Hvammstanga sumarið 2018.

Um er að ræða verkefni sem tilheyrir reglulegri gagnasöfnun hins opinbera á ýmsum þáttum ferðabjónustu og ferðamennsku á Íslandi en könnunin var unnin af Rannsóknamiðstöð ferðamála og Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík fyrir Ferðamálastofu. Könnunin fór fram sumarið 2018 á átta áfangastöðum landsins, Reykjavík, Reykjanesbæ, Vík, Stykkishólmi, Ísafirði, Hvammstanga, Húsavík og Egilsstöðum.

Í skýrslunni er lögð áhersla á greiningu ýmissa einkennandi þátta ferðamanna á rannsóknarsvæðunum s.s. búsetuland, ferðamáta, gistimáta, afþreyingu og dvalarlengd auk þess sem ástæða heimsóknar og útgjaldamynstur ferðamannanna var skoðað sem og ánægja þeirra með heimsókn á svæðið.



EFNISYFIRLIT

Aðferð	2
Búsetuland ferðamanna	3
Ferðafélagar	4
Gisting	5
Gistimáti	6
Dvalarstaður ferðamanna, fyrir og eftir heimsókn til Hvammstanga	7
Ástæða heimsóknar	8
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	9
Upplýsingar	10
Ferðamáti	11
Dvalarlengd	12
Afþreying og þjónusta	13
Ánægja	14
Hápunktur heimsóknarinnar	15
Meðmælaskor	16
Ástæða meðmæla	17
Hvað þarf að bæta?	18
Meðalútgjöld á sólarhring	19
Samantekt	20
Heimildir	21

Spurningakönnunin sem er grundvöllur þessarar rannsóknar einskorðast við erlenda ferðamenn á Hvammstanga sumarið 2018. Flestar spurninganna sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem átti best við í þeirra tilfalli. Spurningar sem snéru að ástæðu heimsóknar, meðmælum, hápunkti ferðar og útgjöldum voru opnar. Framkvæmd könnunarinnar var með rafrænum hætti þar sem þátttakendur svöruðu spurningunum á nettengdum spjaldtölvum. Hún var hýst hjá MMR sem jafnframt sá um frumgreiningu gagna. Þátttakendur gátu valið um fjögur tungumál; ensku, frönsku, þýsku og spænsku.

Ferðamenn voru spurðir út í heimsókn sína til staðarins og ferðahegðun meðan á dvöl þeirra á Hvammstanga stóð. Sérstaklega var spurt um útgjöld þeirra en þar var átt við þá upphæð sem greidd var fyrir kaup á neysluvörum og þjónustu sem og fyrir önnur verðmæti til eigin nota eða gjafa í sólarhring meðan á dvöl stóð. Það fól í sér útgjöld ferðamanna sem greidd voru af þeim sjálfum eða af öðrum fyrir þeirra hönd. Stuðst var við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu þar sem miðað er við að neyslan eigi sér stað við afhendingu þjónustu eða við eigendaskipti vöru hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki.* Útgjöld vegna gistipjónustu voru því metin þann sólarhring sem dvalið var á gististaðnum, vegna ferða þann sólarhring sem ferðin átti sér stað o.s.frv.

Búsetuland ferðamanna er ein af bakgrunnsbreytum könnunarinnar. Á nokkrum stöðum í skýrslunni er vísað í þjóðverja, Bandaríkjamenn o.s.frv. þar sem niðurstöðurnar eru greindar eftir bakgrunnsbreytum.

Er það gert til einföldunar en þar sem það á við er átt við ferðamenn með búsetu í Þýskalandi, Bandaríkjunum o.s.frv.


Könnunin stóð yfir tímabilið 13. júlí til 21. ágúst og var framkvæmd frá kl. 9 til kl. 19. Í einn dag var fyrirlögn hennar samfelld frá morgni til kvölds og í sautján daga fór hún fram hluta úr degi. Lögð var áhersla á að dreifa gagnasöfnun jafnt yfir daginn og yfir vikuna. Spyrnlarnir voru staðsettir á svæði sem afmarkaðist af höfninni, Klapparstíg og Lækjargötu að Kirkjuvegi. Þeir óskuðu eftir þátttöku allra erlendra ferðamanna sem urðu á vegi þeirra en alls voru 598 erlendir ferðamenn beðnir um að taka þátt í könnuninni. Af þeim samþykktu 512 þátttöku eða 86% aðspurðra. Endanlegur fjöldi svara var yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og ±5% úrtaksskekkju. Meðalaldur svarenda var 39 ár, hlutfall kvenna var 52% og karla 48%. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar ber að túlka sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim. Framkvæmd könnunarinnar var háð því að gestir staðarins færu fótgangandi um rannsóknarsvæðið á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Með því var útilokuð þátttaka þeirra sem komu til staðarins eftir kl. 19 á kvöldin og fóru þaðan fyrir kl. 9 um morguninn sem og þeirra sem fóru ekki fótgangandi um hið skilgreinda rannsóknarsvæði á meðan framkvæmd spurningakönnunarinnar stóð.

Við úrvinnslu gagnanna var notast jafnt við SPSS og Excel. Við útreikninga á útgjöldum ferðamanna í erlendum gjaldmiðlum var notast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2018.

*[United Nations, 2010a, 2010b].

Hvert er búsetuland þitt?

Flestir þeirra erlendu ferðamanna sem heimsóttu Hvammstanga sumarið 2018 voru búsettir í Bandaríkjunum, Þýskalandi og á Spáni. Hlutfall Bandaríkjamanna var þó mun lægra en á landsvísu og hlutfall Evrópubúa hærra á Hvammstanga.*




*[Ferðamálastofa, e.d.]

Myndin sýnir búsetuland erlendra ferðamanna á Hvammstanga sumarið 2018 og þjóðerni erlendra farþega um Keflavíkurlugvöll á sama tíma.

Með hverjum ferðaðist þú?

Langflestir ferðamanna voru á ferð með fjölskyldu eða vinum (92%). Um 6% þeirra voru einir á ferð og 1% í skipulagðri hópferð. Í um 20% tilvika voru börn með í för.*




*Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

Dvaldir þú á Hvammstanga síðustu nótt eða munt þú dvelja þar í nótt?

Alls dvöldu 38% ferðamanna á Hvammstanga yfir nótt. Hlutfall næturgesta var nokkuð hærra meðal Þjóðverja (53%) en Bandaríkjamanna (20%) og Spánverja (22%). Engin afgerandi ástæða virtist vera meðal dagsgesta fyrir því að dvelja ekki yfir nótt á staðnum. Enginn kvartaði yfir því að fá ekki gistingu og ferðamenn sögðust einfaldlega hafa bókað gistingu annars staðar án frekari skýringar, kenndu tímaskorti um eða sögðu að næturgisting á Hvammstanga hefði ekki verið á ferðaplaninu.




*🌙 Næturgestir á Hvammstanga



Hvaða gistaðstöðu nýttir þú þér á Hvammstanga?


Alls gistu 66% næturgesta á tjaldsvæðinu á Hvammstanga sumarið 2018. Næst flestir (11%) völdu hótél eða gistiheimili og 9% gistu í tjaldi eða húsbíl utan tjaldsvæðis. Um 3% næturgesta dvöldu á farfuglaheimili en færri völdu annan gistimáta s.s. einkagistingu, sumarhús og gistingu hjá vinum og ættingjum.

Á landsvísu var hlutfall gistingar á hótélum og gistiheimilum alls 44%, tjaldsvæða 13% og einkagistingar 16%.*




*(Mælaborð ferðapjónustunnar, e.d.a.).

Hvar dvaldir þú nóttina áður en þú komst til Hvammstanga?



Flestir höfðu dvalið á Norðurlandi eystra nóttina fyrir heimsókn (42%). Þar höfðu flestir (24%) gist á Akureyri og í Mývatnssveit (8%). Alls dvöldu 19% ferðamanna á Vesturlandi, 15% á Norðvesturlandi og 9% á höfuðborgarsvæðinu. Færri voru í öðrum landshlutum.*

Hvar ætlar þú að dvelja fyrstu nóttina eftir að þú ferð frá Hvammstanga?




Að lokinni heimsókn á Hvammstanga ætluðu flestir (30%) að gista næstu nótt á Vesturlandi þar sem Stykkishólmur, Borgarnes, Grundarfjörður og Ólafsvík voru vinsælustu dvalarstaðirnir (allir með 5%). Um 25% nefndu Norðurland eystra þar sem 15% ætluðu að vera á Akureyri, 15% nefndu höfuðborgarsvæðið og 9% Vestfirði. Færri nefndu aðra landshluta.

*Punktur á korti tákna hlutfall þeirra sem gistu í hverjum landshluta.

Vinsamlegast tilgreindu ástæðu þess að Hvammstangi varð fyrir valinu sem áfangastaður


Tæpur helmingur ferðamanna sagði selina í Húnaflóa vera meginástæðu heimsóknarinnar. Alls sögðu 25% ferðamanna heimsóknina vera hluta af lengri ferð um Ísland og 12% komu í þeim megin tilgangi að gista yfir nótt. Alls nefndu 7% ferðamanna veitingar og 3% komu vegna meðmæla sem þeir höfðu fengið um staðinn. Færri nefndu aðra þætti s.s. fegurð svæðisins, verslun, ull og sögu staðarins.*



*Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum voru fleiri en ein ástæða og því eru svör fleiri en svarendur.

Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Hvammstanga?

Um þriðjungur ferðamanna á Hvammstanga hafði ákveðið að heimsækja staðinn áður en Íslandsferðin hófst. Algengast var að þeir hefðu komið við á leið sinni annað (38%) og 29% tók ákvörðun eftir að til landsins var komið. Um 2% sögðu að heimsóknin til Hvammstanga væri meginástæða Íslandsferðarinnar.*




* Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

Hvar fékkstu upplýsingar um áfangastaðinn Hvammstanga?

Algengustu upplýsingaveitur ferðamanna um Hvammstanga voru ferðabækur, bæklingar og vefsíður. Um 40% ferðamanna notuðu þessa miðla. Þar á eftir komu upplýsingar frá ferðaskrifstofum (9%), samfélagsmiðlum (8%) og vinum og ættingjum (7%). Færri nefndu aðra þætti s.s. upplýsingamiðstöðvar og heimamenn.*


Notkun vefsíðna og samfélagsmiðla var nokkuð algengari meðal Bandaríkjamanna og Spánverja en Þjóðverja. Því var öfugt farið með ferðahandbækur og bæklinga sem Þjóðverjar notuðu helst.*



*Um var að ræða fjölvalsspurningu og svörin eru því fleiri en svarendur.

Hvernig ferðaðist þú til Hvammstanga?



Flestir komu til staðarins með bílaleigubílum eða um 78% ferðamanna. Alls sögðust 11% hafa komið með einkabíl, 4% með hópferðabifreið og 1% með áætlunarbifreið. Annar ferðamáti telst t.d. mótorhjól, reiðhjól og puttaferðalag.



Hversu lengi telur þú að dvöl þín á Hvammstanga muni vara?


Meðaldvalarlengd erlendra ferðamanna á Hvammstanga var um 12 klst. Flestir (41%) dvöldu í 0-3 klst. og næst flestir í 12-24 klst. Dagsgestir dvöldu að jafnaði í 3,7 klst. og næturgestir í einn sólarhring (25 klst.).

Þjóðverjar dvöldu lengur á staðnum en Bandaríkjamenn og Spánverjar enda voru þeir líklegri til að gista yfir nótt. Meðaldvalarlengd þeirra var 16 klst., Spánverja 10 klst. og Bandaríkjamanna um 6 klst.



Hvaða þjónustu / afþreyingu hyggst þú nýta þér á Hvammstanga?



Selaskoðun var langvinsælasta afþreying ferðamanna á Hvammstanga. Alls sögðust 43% ætla að skoða seli og 23% fugla. Um 22% áformuðu að heimsækja söfn og 19% ætluðu að ganga um svæðið. Um 15% ætluðu að smakka mat úr héraði og 14% að að fara í sund. Heldur færri nefndu aðra þætti s.s. reiðtúr, bátsferð og veiði. Gönguferðir og sund voru vinsælli meðal þjóðverja en Spánverja og Bandaríkjamanna. Bandaríkjamenn voru hins vegar líklegri til að smakka mat úr héraði og fara á söfn. Vinsældir selaskoðunar voru mjög svipaðar eftir búsetulöndum ferðamanna.



Hversu ánægð/ur ert þú með heimsókn þína til Hvammstanga?

Almennt voru ferðamenn mjög ánægðir (48%) eða ánægðir (44%) með dvöl sína á Hvammstanga. Um 8% ferðamanna sögðust vera hlutlausir og 0,4% voru óánægðir. Á skalanum 1-5 var ánægjustig ferðamanna sumarið 2018 alls 4,39.*


Bandaríkjamenn virtust aðeins ánægðari en aðrir þar sem ánægjustig þeirra mældist 4,44. Ánægjustig þjóðverja var 4,36 og Spánverja 4,31.



*„mjög óánægðir“ fengu gildið 1 og „mjög ánægðir“ gildið 5

Hver var hápunktur heimsóknar þinnar til Hvammstanga?

Að mati flestra ferðamanna var hápunktur heimsóknarinnar tengdur selum (29%) og náttúrufegurð svæðisins (20%). Alls sögðu um 13% að hápunkturinn hefði tengst mat og veitingahúsum og sama hlutfall nefndi söfn staðarins. Um 6% ferðamanna töluðu um gistinguna á svæðinu og 5% höfðu átt ánægjuleg samskipti við heimamenn. Færri nefndu aðra þætti s.s. afþreyingu, gönguferð og sund.*



*Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum nefndu menn fleiri en eina ástæðu og því eru fleiri svör en svarendur. Í útreikningum er ekki tekið tillit til þeirra sem svöruðu „veit ekki/ vil ekki svara“.

Hversu líkleg(ur) ertu til að mæla með heimsókn til Hvammstanga?


Einn af þeim mælikvörðum sem notaður er til að meta árangur og frammistöðu íslenskrar ferðabjónustu er s.k. meðmælaskor (Net Promoter Score - NPS). Um er að ræða alþjóðlegan mælikvarða á viðskiptatryggð sem segir m.a. til um hversu líklegt eða ólíklegt er að viðskiptavinir mæli með tiltekinni vöru, þjónustu eða fyrirtæki.* Í þessu tilfalli eru mældar líkur á því að ferðamenn mæli með tilteknum áfangastað. Meðmælaskor ferðamanna á Hvammstanga mældist +13 þar sem 33% ferðamanna sögðu líklegt að þeir myndu mæla með Hvammstanga sem áfangastað en 20% töldu það ólíklegt.* Skorið getur verið á bilinu -100 til +100 og verður jákvætt þegar fleiri mæla með áfangastaðnum en á móti honum.*

Bandaríkjamenn voru líklegri til að mæla með Hvammstanga sem áfangastað en Spánverjar og Þjóðverjar. Skor þeirra mældist +21 á meðan það var -7 hjá Þjóðverjum og +12 hjá Frökkum.

Það sem fékk ferðamenn helst til að mæla með staðnum var náttúrufegurð svæðisins (39%). Um 23% sögðu að Hvammstangi væri vinalægur lítill bær og sama hlutfall nefndi selina á svæðinu.

Af þeim sem voru hlutlausir eða töldust ólíklegir til að mæla með staðnum sögðu 30% að hér væri of lítið um að vera og bæta þyrfti þjónustuframboð staðarins. Um 11% töldu að bæta þyrfti aðstöðuna á tjaldsvæðinu og 8% sagði að upplýsingum til ferðamanna væri ábótavant.

Mæli með
heimsókn
33%



Mæli ekki með
heimsókn
20%

Hlutlaus
47%

*[Reichheld, 2003].

Meðmælaskor fæst með því að draga hlutfall þeirra sem mæla ekki með Hvammstanga sem áfangastað ferðamanna frá hlutfalli þeirra sem mæla með staðnum. Um er að ræða skala á kvarðanum 0-10. Þeir sem velja 0-6 teljast ólíklegir til að mæla með áfangastaðnum. Þeir sem velja 7-8 eru skilgreindir sem hlutlausir. Þeir teljast vera nokkuð ánægðir með áfangastaðinn en þó ekki líklegir til að mæla með honum. Þeir sem hins vegar velja 9-10 teljast ánægðir og líklegir til að mæla með áfangastaðnum.



Staðurinn er of afskekktur

Gera selaskoðunina aðgengilegri

Ekkert, þetta er fínt eins og það er Lækkið verðið

Fleiri menningarviðburði **Lagið vegina** Betri vegvísa

Betra veður Fleiri söfn **Ég vil sjá fleiri seli**

Fleiri hótél **Fleiri verslanir** Það eru aðrir staðir áhugaverðari á Íslandi

Hér of lítið um að vera

Ég vil hitta fleira fólk

Útbúa fleiri nestissvæði

Bætið aðstöðuna á tjaldsvæðinu

Of lítill bær

Mæli bara með staðnum fyrir þá sem gista í tjaldi og hafa áhuga á hafinu og selum

Fleiri gönguleiðir **Fleiri veitingastaðir** Meira framboð afþreyingar

Betri kynningu því sem staðurinn býður upp á

Bærinn er ekki nógu aðlaðandi


Lengri opnunartíma

Útbúa griðarsvæði fyrir seli

Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar á Hvammstanga eftir útgjaldaliðum

Meðalútgjöld ferðamanna á sólarhring mældust 7.742 kr. sumarið 2018. Upphæðin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Útgjöldin voru hæst í flokki samgöngu og matvöru um 1.400 kr. Samgöngur samanstóðu aðallega af eldsneytiskaupum og matvöru keyptu ferðamenn í verslunum bæjarins. Alls keyptu 37% ferðamanna veitingar á veitingahúsum og 48% matvöru. Um 20% keyptu afþreyingu og 14% menningartengda þjónustu.

Spánverjar eyddu meira á sólarhring en Bandaríkjamenn og Þjóðverjar eða tæpum 8.400 kr. á móti 6.700 þúsund kr. hjá Bandaríkjamönnum og 5.300 hjá Þjóðverjum. Spánverjar greiddu meira fyrir matvöru, afþreyingu, verslun og menningu en Bandaríkjamenn fyrir veitingar. Þrátt fyrir að Þjóðverjar hafi dvalið töluvert lengur á svæðinu en Bandaríkjamenn og Spánverjar voru útgjöld þeirra engu að síður lægri sem skýrist af vali á ódýrari gistipjónustu.



Ferðapjónustu á Hvammstanga með Selasetur Íslands í broddi fylkingar hefur vaxið mjög fiskur um hrygg undanfarin ár. Sumarið 2018 kom tæpur helmingur ferðamanna gagngert til staðarins til að skoða seli og flestir sögðu selaskoðun hafa verið hápunkt heimsóknarinnar.

Flestir ferðamenn komu frá Bandaríkjunum en næst flestir frá Þýskalandi og Spáni. Hlutfall ferðamanna frá Þýskalandi og Spáni var hærra á Hvammstanga en á landsvísu og hlutfall Bandaríkjamanna lægra samkvæmt talningum ferðamanna á Keflavíkurflugvelli sumarið 2018.

Bandaríkjamenn skáru sig nokkuð úr að því leyti að þeir voru heldur ánægðari en aðrir með heimsóknina og líklegri til að mæla með Hvammstanga sem áfangastað. Þeir stoppuðu þó ekki lengi og voru ólíklegir til að dvelja yfir nótt. Þjóðverjar dvöldu lengur á staðnum og voru líklegri til að ganga um svæðið. Spánverjar eyddu mestu og keyptu helst matvöru í verslunum bæjarins.

Um þriðjungur ferðamanna á Hvammstanga hafði ákveðið að heimsækja staðinn áður en til Íslands var komið en fleiri áttu þó leið hjá og tóku ákvörðun um heimsókn með stuttum fyrirvara. Að jafnaði dvöldu ferðamenn á Hvammstanga í um 12 klst. og um 38% gistu yfir nótt á staðnum. Tjaldsvæðið í bænum var lang vinsælasti gistimátinn enda takmarkað framboð af annarri tegund gistingar. Tæpur helmingur ferðamanna skoðaði seli meðan á dvöl stóð en fuglaskoðun, gönguferðir og heimsóknir á söfn voru einnig vinsæl afþreying meðal gesta.

Almenn ánægja var meðal ferðamanna með dvölinu. Á skalanum 1-5 mældist ánægjustigið 4,4 sem eru góðar niðurstöður fyrir

ferðapjónustuna á staðnum. Um þriðjungur ferðamanna taldist líklegur til að mæla með Hvammstanga sem áfangastað og meðmælaskor staðarins (Net Promoter Score - NPS) mældist +13. Það sem helst hvatti fólk til meðmæla var náttúrufegurð svæðisins, selir og þægileg stærð bæjarins. Af þeim sem voru hlutlausir eða töldust ólíklegir til að mæla með staðnum sögðu flestir að of lítið væri um að vera og bæta þyrfti þjónustuframboðið og upplýsingagjöf.

Meðalútgjöld ferðamanna á sólarhring mældust um 7.700 kr. Hæstu útgjaldaliðirnir voru samgöngur, matvara og veitingar. Í langflestum tilvika (96%) var tilgangur ferðarinnar frí og ferðafélagarnir fjölskylda og vinir. Ferðamenn leituðu helst upplýsinga um staðinn í vefmiðlum, ferðahandbókum og bæklingum. Notkun upplýsingamiðla var nokkuð misjöfn eftir þjóðernum þar sem vefmiðlar voru vinsælli meðal Bandaríkjamanna og Spánverja en ferðahandbækur meðal Þjóðverja.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um stöðu ákveðinna þátta ferðapjónustu á Hvammstanga sumarið 2018. Varast ber að alhæfa út frá niðurstöðunum þar sem um úrtaksrannsókn er að ræða en engu að síður eru þessar upplýsingar ásamt öðrum gögnum í ferðapjónustu mikilvægt púsl í heildarmynd atvinnugreinarinnar á landsvísu. Athugasemdir og óskir ferðamanna sem koma fram í könnuninni auka einnig skilning á þörfum þeirra og upplifun meðan á dvöl stendur og eru mikilvægar fyrir svæðisbundna stefnumótun og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.

Ferðamálastofa. (e.d.). Ferðamenn um Keflavíkurflugvöll. *Brottfarir erlendra farþega um Flugstöð Leifs Eiríkssonar 2003-2019*. Sótt 2. mars 2019 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/talningar-ferdamalastofu-i-flugstod-leifs-eirikssonar>.

Mælaborð ferðaþjónustunnar. (e.d.a.). Landamæraökönnun ferðamálastofu. *Tegund gistimáta*. Sótt 19. nóvember 2018 af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/kannanir/landamaerakonnun>.

Mælaborð ferðaþjónustunnar. (e.d.b.). Nethluti Landamæraökönnunar. *Landshlutar & staðir*. Sótt 11. mars 2019 af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/kannanir/netkonnun>.

Reichheld, F. F. (2003). The One Number You Need to Grow. *Harvard Business Review*, 81(12), 46-54.

United Nations. (2010a). *International Recommendations for Tourism Statistics 2008*. New York: United Nations.

United Nations. (2010b). *Tourism Satellite Account: Recommended Methodological Framework 2008*. New York: United Nations.



ÚTGEFIÐ Í ÁGÚST 2019

